

174

31. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Keflavíkurlflugvöll, um umferð, öryggi o. fl.,
nr. 117 9. október 1948.

1. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á flugvellinum skal vera slökkvilið, sem hefur til umráða öll nauðsynleg slökkvi- og björgunartæki. Skal það skipað nægum mannafla og vera tilbúið til starfa, hvenær sem nauðsyn krefur.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 95 28. des. 1946, um að ákvæði sammings frá 7. okt. 1946 við Bandaríki Ameríku, er varða aðflutningsgjöld o. fl., skuli öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. október 1949.

Eysteinn Jónsson.

Páll Pálmason.

175

31. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð fátækra í Siglufirði“,
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 31. okt. 1949.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð fátækra í Siglufirði.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Styrktarsjóður fátækra. Heimili hans og varnarþing er í Siglufirði.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. okt. 1948 með 5000 kr. gjöf, en gefandi lætur eigi nafns síns getið.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæklinga innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðar á þann hátt, er sjóðstjórnin telur rétt og efni sjóðsins leyfa samkvæmt þeim reglum, er hér fara á eftir um úthlutun úr sjóðnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Hvanneyrarprestur sem formaður, bæjarfógeti Siglufjarðar sem féhirðir, héraðslæknirinn Siglufirði sem ritari. Nú forfallast einhver stjórnarmanna og tekur þá safnaðarfulltrúinn í Siglufirði sem varamaður sæti